

Umhverfisstofnun  
Áb. *KG*  
07 MAI 2004  
*50*  
Tilv. *UST20040400023*

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

6. maí 2004

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20040400023/kg

### Frumvarp til jarðalaga, 783. mál


Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 1. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til jarðalaga, 783. mál. Umhverfisstofnun fagnar framkominni endurskoðun á gildandi jarðalögum. Á þeim rúma aldarfjórðungi sem liðinn er frá setningu gildandi laga hefur orðið alger umbylting á landbúnaði, jafnt hvort sem litið er til tækni, aðferðafræði, tegundum landbúnaðar sem er stundaður, viðhorfum og landnýtingar almennt. Umhverfisstofnun telur margt til bóta í frumvarpinu og hvetur til þess að frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi.

Umhverfisstofnun vekur athygli landbúnaðarnefndar á mikilvægi þess að verðmætum náttúruminum verði sýnd sú virðing sem þeim ber og að við nýtingu jarða verði þess gætt að þeim verði ekki raskað. Um langt skeið hefur verið ákvæði í náttúruverndarlögum (sbr. t.d. lög nr. 74/1971, 93/1996 og 44/1999) um að Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins og þar áður Náttúruverndarráð) hafi forkaupsrétt á jörðum sem eru í heild eða að hluta á náttúruminjaskrá, næst á eftir sveitarstjórnnum, sbr. 69. gr. laga nr. 44/1999. Því miður hefur þetta ákvæði verið erfitt í framkvæmd. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að við endurskoðun jarðalaga verði bætt inn ákvæði efnislega samhljóða 2. ml. 69. gr. laga nr. 44/1999, svo tryggt verði að þegar slíkt á við verði formlega kannað hvort Umhverfisstofnun hyggist nýta þennan lögbundna rétt.

Umhverfisstofnun vísar einnig til meðfylgjandi fylgiskjals þar sem er að finna sértækar ábendingar og athugasemdir við frumvarpið. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilsson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Meðf.: Fylgiskjal - Athugasemdir um frumvarp til jarðalaga

Afrit: Umhverfísráðuneytið

## Fylgiskjal

### Athugasemdir um frumvarp til jarðalaga

#### *Almennar athugasemdir*

Umhverfisstofnun vekur athygli á mikilvægi þess að verðmætum náttúruminum verði sýnd sú virðing sem þeim ber og að við nýtingu jarða verði þess gætt að þeim verði ekki raskað. Stofnunin bendir á að skv. nýjum náttúruverndarlögum hafa undirbúningur og vægi náttúruminjaskrár verið aukin. Ný náttúruminjaskrá er byggð á mælanlegum gildum sem byggja á bestu fáanlegum upplýsingum á hverjum tíma. Skráin mun enn fremur byggja á náttúruverndaráætlun, sbr. VIII. kafla laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þingsályktunartillaga um Náttúruverndaráætlun er nú til meðferðar á Alþingi og verður afgreiðsla hennar þar stefnumarkandi um næstu skref.

Um langt skeið hefur verið ákvæði í náttúruverndarlögum (sbr. t.d. lög nr. 74/1971, 93/1996 og 44/1999) um að Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins og þar áður Náttúruverndarráð) hafi forkaupsrétt á jörðum sem eru í heild eða að hluta á náttúruminjaskrá, næst á eftir sveitarstjórnnum, sbr. 69. gr. laga nr. 44/1999. Því miður hefur þetta ákvæði verið erfitt í framkvæmd. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að við endurskoðun jarðalaga, einkanlega með hliðsjón af auknu vægi náttúruminjaskrár, verði bætt inn ákvæði efnislega samhljóða 2. ml. 69. gr. framangreindra laga svo tryggt verði að þegar slíkt á við verði formlega kannað hvort Umhverfisstofnun hyggist nýta þennan lögbundna rétt.

Umhverfisstofnun minnir á V. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um landslagsvernd. Sérstaklega vísar stofnunin til ákvæða 36. og 37. gr. laganna.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar*

2! gr.

*Eyðijörð.* Umhverfisstofnun veltir því upp hvort ekki sé full geyst farið í skilgreiningu á eyðijörð að einungis 2 ár án byggðar nægi til þess að jörð teljist eyðijörð. Stofnunin sér ástæðu til að benda á að annað hvort megi sækja um undanþágu til fyrirfram ákveðins tíma eða að landbúnaðarnefnd athugi hvort lengja beri tímann.

5. gr.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. skipulagslögum nr. 73/1997 er allt landið skipulagsskipt og að öll sveitarfélög skulu hafa lokið gerð aðalskipulags fyrir árið 2010. Stofnunin telur fara betur á því að tengja þessi tvö lög saman. Stofnunin leggst gegn því að allt land, „nýtanlegt til landbúnaðar“ verði háð þeim takmörkunum sem hér er fjallað um. Umhverfisstofnun vísar m.a. til þess að hlutar þjóðgarða og friðlýstra svæða eru vel nýtanlegir til landbúnaðar. Stofnunin leggur til að 5. gr. verði breytt sem hér segir (breyting skáletruð):

Land sem við gildistöku þessara laga er flokkað sem landbúnaðarland skv. skipulagslögum, þ.m.t. afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 8. gr.

## 16. gr.

Með tilvísan til umfjöllunar í almennum athugasemdum hér að framan leggur Umhverfisstofnun til að í jarðaskrá verði þess getið hvort jörðin er að hluta eða að öllu leyti á náttúruminjaskrá. Með því verður aðilum ljóst hvort um jörðina gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur því til eftirfarandi breytingartillögu við 16. gr. (breyting skáletruð):

„Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna þar sem fram koma upplýsingar um allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land samkvæmt þessum kafla en er heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Í jarðahluta Landskrár fasteigna, sem Fasteignamat ríkisins heldur skv. 1. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu koma fram upplýsingar um nöfn jarða og annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu, hvort félagsbú er á jörðinni og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð. Fasteignamat ríkisins skal í þessum tilgangi leggja til skráningarsvæði fyrir framangreindar upplýsingar án sérstaks kostnaðar fyrir ráðuneytið. *Einnig skal skráð hvort jörðin öll eða hluti hennar er á náttúruminjaskrá, sbr. lög um náttúruvernd.*

Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, Umhverfisstofnun, sveitarstjórnunum, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té endurgjaldslaust allar upplýsingar sem það óskar eftir við skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna. Sama gildir um aðra aðila sem annast skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna í umboði ráðuneytisins.

Um afhendingu og sölu upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.“

## 31. gr.

Vísað er til umfjöllunar í almennum athugasemdum, sem og við 16. gr. frumvarpsins. Umhverfisstofnun óskar eftir því að lögfest verði að á lögbýlaskrá komi fram hvort lögbýlið allt eða hluti þess sé friðlýstur og/eða á náttúruminjaskrá. Í samræmi við það leggur stofnunin til eftirfarandi breytingu við 1. mgr. 31. gr.:

„ Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út lögbýlaskrá fyrir allt landið á grundvelli upplýsinga úr jarðaskrá, sbr. 16. gr. Í lögbýlaskrá skulu koma fram upplýsingar um nöfn allra lögbýla, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að lögbýli, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, *friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá*, nýtingu og hvort þar sé rekið félagsbú, svo og aðrar upplýsingar sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð.

## 32. gr.

Vísað er til umfjöllunar í almennum athugasemdum, sem og við 18. gr. frumvarpsins. Umhverfisstofnun leggur til að bætt verði við nýja 2. mgr. við 32. gr.:

„*Ef jörð er öll eða að hluta á náttúruminjaskrá, sbr. lög um náttúruvernd, skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er annars veittur með þessum lögum.*“

45. gr.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að landbúnaðarráðuneytið leiti umsagnar stofnunarinnar áður en ríkisjarðir eru seldar, sbr. 2. mgr. 45. gr. Stofnunin telur æskilegt að slíkt sé gert jafnvel þó að viðkomandi ríkisjörð sé ekki á náttúruminjaskrá.

*Kristján Geirsson, fagstjóri  
Stjórnsýslusvið  
Umhverfisstofnun*

*Guðriður Þorvarðardóttir, fagstjóri  
Náttúru- og útivistarsvið  
Umhverfisstofnun*